


Fyrsta síðan í nótnaútgáfunni af Psychomachiu, sem gefin var út í Stokkhólmi á síðasta ári.

Tónverkið

Framhald af 21

af sama tilefni héðan frá Íslandi, og verður hitt verkið, Ljóð námu land eftir Karólínu Eiríksdóttur, flutt á sömu tónleikum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar nú á laugardag kl. 17.

Textinn, sem verk mitt er samið við, hafði vakið áhuga minn fyrir löngu, þótt tækifæri hefði ekki unnist til að semja við hann tónlist. En þegar þessi pöntun barst fyrir dramatískan sópran og selló, þá fannst mér það passa fullkomlega við þessa samsetningu. Psychomachia merkir eiginlega „baráttan um mannssálina", og er ljóðið fullt af dramatískum tilþrifum, þar sem baráttan stendur á milli góðra og illra afla, sem eru persónugerð í líki gyðja og ára. Inn á milli dramatískra bardagaatriða koma síðan í textanum yfirvegaðar hugleiðingar skáldsins, sem gefa tilefni til kaflaskila í tónlistinni. Þegar ég fór að vinna frekar að verkinu sá ég að í raun voru tveir flytjendur allt of lítið til þess að koma efni þessa stórbrotna texta til skila. Aðeins lítill hluti ljóðsins er notaður, og eftir að ég hafði lokið við verkið fann ég skýrt að ég þyrfti að vinna áfram með þennan texta og semja við hann viðameira verk. Leitaði tónlistarformið ópera meir og meir á hugann þegar ég fór að velta þessu fyrir mér. Er ekki ósennilegt að stærri útgáfa Psychomachiu í því formi eigi eftir að sjá dagsins ljós síðar meir þegar tími vinnst til eða ef ég skyldi verða svo lánsamur að fá óperupöntun.

Er tónlistin sem þú semur lýsandi eða óhlutlæg? Ertu að lýsa ákveðnum atburðum eða fyrirbærum eða er um hreina abstraktsjón að ræða?

Hún getur verið hvorttveggja í senn, í einu og sama verkinu má bæði finna hreina fræðilega og abstrakt hluti og hluti sem sprottnir eru af innsæi. Psychomachia er þó dæmi um tónverk sem byggist mest á innsæi. Reyndar má segja að það eigi líka við um raftónverkið Chantouria, það er fyrst og fremst innsæistónlist. En ef litið er yfir verkalista minn í heild má sjá dæmi um hvort tveggja. Það fer ekkert eftir tækninni, því hefðbundin hljóðfæratónlist getur verið strangfræðileg og raftónlistin getur verið full af innsæi.

Hvernig eru möguleikar á að koma nútímatónlist á framfæri hér á landi?

Ég held að Íslendingar séu nokkuð opnir fyrir nýrri tónlist miðað við margar aðrar þjóðir, þótt ég verði jafnframt að taka undir þau orð Hjálmars Ragnarssonar, að almennt megi segja að við séum ótrúlega hrædd við að tileinka okkur nýjungar í listum, ekki síst tónlist. En sá fjöldi sem sótt hefur tónleika með nútímatónlist hér á landi er í rauninni ótrúlega mikill, og má af því ráða að skilningur þjóðarinnar sé á hærra plani en skilningur yfirvalda hvað þessa nýju list varðar ef tekið er mið af aðbúnaði íslenskra tónlistarmanna. Ýmis teikn eru þó á lofti um úrbætur í þeim efnum, og vona ég að úr rætist.

Hér á landi er nú aðeins eitt tónskáld sem hefur farið út á þá hálu en virðingarverðu braut að stunda tómsmíðar eingöngu, en það er Áskell Másson. Aðrir hafa þetta í hjáverkum með kennslu og öðrum störfum. Starfslaun til tónskálda eins og tíðkast meðal flestra þjóða eru hér afar fátíð, og sama má segja um launaðar pantanir á verkum, sem oft eru eitt helsta lifibrauð tónskálda.


Mér finnst oft að það megi líkja þessu við hverja aðra fjárfestingu: Vill þjóðin eiga möguleika á því eins og aðrar þjóðir að eignast sinn Grieg eða Mozart eða Beethoven? Ef hún vill, þá getur hún það, því þetta er fyrst og fremst spurning um fjárfestingu. Það þarf ekki að hugsa mjög langt til þess að skilja að slík fjárfesting getur verið skynsamleg. Við þurfum ekki annað en að sjá þann beina hagnað sem þjóðir eins og Finnar, Norðmenn og Hollendingar hafa haft af því að eiga menn á borð við Sibelius, Grieg og Rembrandt.

Fyrstu tónleikarnir á Myrkum músíkdögum verða í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar á laugardag kl. 17. Þar munu þær Signý Sæmundsdóttir og Inga Rós Ingólfsdóttir flytja Psychomachia eftir Þorstein Hauksson. Einnig verða flutt söngverk eftir Karólínu Eiríksdóttur, Vladimir Agopov og Önnu Jastrzebska. Chantouria og fleiri raftónverk verða síðan flutt í Norræna húsinu 15. febrúar kl. 20.30.

–ólg

Á vit goðsögunnar

Halldór Ásgeirsson
Kjarvalsstaðir 28. jan.–12. febrúar.



Táknmyndir Halldórs Ásgeirssonar, sem nú eru til sýnis á Kjarvalsstöðum, færa okkur á vit goðsögunnar. Goðsagan felur í sér viðleitni mannsins til þess að upphefja ýmsar þverstæður mannlegrar tilveru, skapa heila heimsmynd úr brotakenndri reynslu hversdagsins. Goðsagan upphefur andstæður efnis og anda, fortíðar og framtíðar, lífs og dauða og opnar okkur nýjan veruleika handan hins sýnilega, þar sem maðurinn hefur fundið sína glötuðu Paradís og yfirunnið útskúfunina sem birtist í þverstæðum mannlegrar tilveru. Slíka viðleitni til þess að endurheimta glataða Paradís sé ég í myndum Halldórs, þar sem hann dregur ýmsar táknmyndir úr undirvitund sinni og raðar þeim upp í formrænu samhengi. Aðferð hans minnir dálítið á spánska málarann Juan Miró, þótt yfirbragð myndanna sé allt annað. Myndmálið hefur fengið djúpa persónulega merkingu fyrir listamanninum, og það verður honum ástríða að færa hana yfir á umhverfi sitt. Táknmyndirnar birtast okkur því ekki bara á hefðbundnu lérefti málverksins, heldur færir hann þær yfir á trjábúta, glerbrot og skúlptúra þannig að þær verða að lokum eins og stimpill: ég var hér, þetta er hluti af minni goðsögulegu heimsmynd. Hlutdeild okkar í þessari heimsmynd, þessari persónulegu goðsögn, er fyrst og fremst fagurfræðileg. Við getum skynjað formlegt samræmi og fegurð í þessum myndum, við getum jafnvel fundið í þeim frásögn, en dýpri merking táknanna er okkur hulin. Það eru því formrænir eiginleikar málverkanna, sem fyrst og fremst höfða til okkar. Þar hefur vinna verið lögð í að



MYNDLIST

ÓLAFUR GÍSLASON

Dægurmúsík og menning

Meginstefna nútímans er að fá sem mest á sem skemmstum tíma með sem minnstri fyrirhöfn; þegar allir vilja allt og halda, að þeir geti fengið það, já, og hefðu meira að segja rétt til þess: hjónaband *og* frelsi, kynmök án krakka, bylting án fátæktar, velgengni án eigingirni, list án áreynslu, þekking án minnislærdóms; nefnilega máltíð án þess að vaska upp.

Menning hefir löngum verið óþekkt hugtak í íslenzku, samanber frásögn Steins Steinarrs: menning sem rímorð við þrenning. Sigurður Nordal gat ekki samið nema eitt bindi um íslenzka menningu. Með bókmenntalýsingu sinni þar var íslenzk menning þurrausin. Meira var ekki til, engin önnur grein menningar svo sem myndlist, músík eða arkítektúr.

Nú eru listir sem óforgengilegar greinar menningar staðfestar með eða í varanlegu efni. Bókmenntir eru skráðar, skúlptúr högginn í stein, músík nóturituð, myndlist dregin á líndúk eða pappír, arkítektúr formaður í blífanlegu harðefni. Dægurmúsík sem götuvísur og dansmúsík hefir ætíð verið til. Því aðeins þekkum við hana nú eftir margar aldir, að hún hefir verið skráð sem nótnaritun.

Dægur-músík nútímans er yfirleitt aðeins til í upptökum á plötum eða böndum. Sú tíð er liðin, að maður geti keypt prentað vinsælt dægurlag og spilað það heima hjá sér, svo sem gert var, er ég spilaði með félögum mínum dans-músík í Iðnó og Bárunni. Mörg þeirra laga voru viðkunnanleg músík; en hver þekkir í dag *Fifty thousand Frenchmen can't be wrong, We have no bananas to-day* eða *Bimbambullah,* enda þótt þau hafi þá verið fáanleg bæði nótuprentuð og á plötum? Þessi nothæfu lög voru hvorki talin til listar né menningar. Þau voru bara vinsæl dansmúsík og gerðu sitt gagn.

Nú á dögum verður massakúltúr eða kúltúr-iðnaður æ útbreiddari. Nú að að þvinga fram sameiningu æðri og lægri lífstjáninga, báðum til vanza, en þær hafa öldum saman verið aðskilin svið. Menningin mótmælti jafnan of harðýðgislegum kjörum og var þannig heiðurstákn mannsins. En ef menningin samsamar sjálfa sig forherðingarinnar lífi, gerir hún manninn ómyndugan.

Skilyrðislaus krafa eða kategórískur imperatív í siðfræði Kants á ekkert framar skylt við frelsi. Hún verður að: Þú átt að láta þér vel líka, án þess að *hvað*? sé uppgefið. Þannig er endanlegt takmark kúltúr-iðnaðar andupplýsing, sem við sívaxandi náttúruyfirráð verður að fjöldasvikum, massa-blekkingu, að meðali til þess að fjötra vitundina. Hann kemur í veg fyrir, að upp vaxi einstaklingar, óháðir, sjálfstæðir, sem dæma og ákvarða upp á eigin ábyrgð. En þetta eru skilyrði fyrir lýðræðislegu samfélagi, sem því aðeins fær staðizt og þroskazt, að þegnarnir séu myndugir.

Mannlegur kúltúr verður til fyrir göfgun dýrslegra hvata, fyrir blygðunartilfinningu, fyrir ímyndunarafl, fyrir skilning. Hinzta innihald og huggun sérhverrar listar er, að hún geri lífið þess virði, að því sé lifað. Til er engin göfug músík, sem ekki getur annarsvegar verkað á okkur